Fjölbrautaskóli Suðurlands

# STÆR2VF05

## Námsáætlun – Haustönn 2024

**Viðfangsefni áfangans:**
Unnið er með fjármálalæsi s.s. vexti, vaxtavexti, vísitölur, verðbólgu, laun og skatta. Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru auk undirstöðuatriða í talnafærni. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni.

Undanfari: STÆR1AJ05

**Markmið áfangans:**
Að efla reikningslega færni nemenda og auka kunnáttu þeirra í táknrænni túlkun. Að veita nemendum yfirsýn yfir reiknireglur og þjálfa þá í skilmerkilegri framsetningu. Að þjálfa rökræna hugsun nemenda.

Nemandi á að námi loknu:

- að hafa öðlast góðan skilning á talnakerfinu
- að hafa náð góðu valdi á bókstafareikningi
- að þekkja fallhugtakið og aðgerðir á föllum
- að þekkja vel annars stigs margliður og annars stigs jöfnur
- að geta reiknað vexti og hafi skilning á verðbólgu

**Kennslubækur og önnur kennslugögn:**
STÆ 225 – eftir Jón Þorvarðarson, útg. STÆ ehf. Ýmis ljósrit frá kennara.
Vasareiknir.

**Verkefnaskil og próf:**
Á önninni verða lögð fyrir 3 lotupróf og eitt skilaverkefni auk tímaverkefna.
**Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma.** Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið strax í næstu kennslustund eða við fyrsta tækifæri í samráði við kennara.

**Námsmat:**
Lotupróf, skilaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

| | |
|---|---|
| Vægi lokaprófs | 70% |
| Vægi annareinkunnar | 30% |

Annareinkunn skiptist svona:

| | |
|---|---|
| Vægi lotuprófa/ skilaverkefnis | 70% |
| Vægi heima-/tímadæma | 30% |

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

## Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum og 6 úr viðskiptaverkefni.
- Skila **öllum** verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

## Mikilvægt að hafa í huga:

- Eigi nemandi kost á að sleppa lokaprófi, þá fær hann staðfestingu á því frá kennara sínum áður en kennslu annarinnar lýkur, með skilaboðum í Innu og/eða í tölvupósti í FSu netfangið sitt. Aðrir eiga að mæta í lokapróf. Skróp í lokaprófi gefur falleinkunn (F).

- Nemandi sem skilar rafrænum verkefnum þarf að tryggja að verkefnin séu á læsilegu sniði (format).

Yfirferðaráætlun:

| Lota | Vika | Kaflar | Efni | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | 34-39 | Ljósrit | Hnitareikningur | **Lotupróf 1 í lok 39. viku** |
| 2. | 40 | Ljósrit | Vaxta og viðskiptaverkefni | **Skilaverkefni í lok 40.viku. L-2** |
| 3. | 41-45 | 2-4 | Ójöfnur og annars stigs jöfnur. | **Lotupróf 3 í lok 45.viku** |
| 4. | 46-47 | 5 | Fleygbogar / skurðpunktar línu við fl.boga | **Lotupróf 4. Í lok viku 47.viku** |
| | 48 | | Skrap | |
| | 49 | | Upprifjun | |
| | | | | |

**Athugasemdir og skýringar:**
Meira en 10. mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F. Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.
Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna er kennara heimilt að skrá fjarvist á hann.

Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.
**F.Su. 16. águst 2024** *Kjartan Ólason Ægir Sigurðsson*